Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar fagnar framkominni tillögu að strandsvæðaskipulagi Vestfjarða og telur skipulagið vera mikilvægt leiðarstef inn í framtíðina. Í umsögn skipulags- og mannvirkjanefndar verður einblínt á þau svæði skipulagsins sem eru í og við vébönd sveitarfélagsins.

Jökulfirðir og Aðalvík – reitir UN19 og UN20

Skipulags- og mannvirkjanefnd tekur undir flokkun svæðisráðs á fyrrnefndum reitum. Nefndin leggur ríka áherslu á að samfella verði skipulagi lands og sjávar og þar sem meirihluti strandlínu reita UN19 og UN20 er friðlýst svæði Hornstranda telur nefndin það ekki samræmast að heimila uppbyggingu á hafsæknum iðnaði í Jökulfjörðum. Þá ber einnig að geta þess að sá hluti strandlínu Jökulfjarða sem er utan friðlands, þ.e. strandlínan frá Bjarnarnúpi og inn í botn Hrafnfjarðar, er hverfisverndarsvæði í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar og á náttúruminjaskrá Umhverfisstofnunar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd telur mikilvægt að haldið verði í og hlúð að þeirri óbyggðaupplifun sem kostur gefst á í Jökulfjörðum og Hornstrandafriðlandinu og nefndin sér mikil sóknarfæri í hófsamri og umhverfisvænni ferðamennsku á svæðinu.

Skipulags- og mannvirkjanefnd tekur ekki undir þær raddir sem hafa heyrst að áður en skipulagið verði staðfest verði að liggja fyrir fleiri upplýsingar eins og fást t.d. með burðarþolsmati vegna fiskeldis eða áhættumati. Nefndin telur óþarfa að burðarþolsmeta Jökulfirði þar sem það er skýr afstaða nefndarinnar að fiskeldi verði ekki leyft í Jökulfjörðum. Markmið verndar Jökulfjarða og Hornstrandafriðlandsins er ekki bara byggð á náttúruvernd, heldur er einnig verða að halda í huglæg verðmæti eins og óbyggðaupplifun sem passa illa inn í reiknilíkön og viðskiptaáætlanir en eru engu að síður mikil verðmæti sem fara engan veginn saman við uppbyggingu á iðnaði.

Þar sem Ísafjarðarbær er eina aðliggjandi sveitarfélag reita UN19 og UN20, leggur skipulags- og mannvirkjanefnd mikla áherslu á að sjónarmið Ísafjarðarbæjar verði leiðandi í ákvörðunum um reitina. Sú áhersla beinist einnig að mögulegum breytingum á skipulaginu í framtíðinni en í lögum um skipulag haf- og strandsvæða segir í 14. gr. um breytingar á strandsvæðaskipulagi að Skipulagsstofnun eða aðliggjandi sveitarfélag geti óskað eftir því við ráðherra að gerð verði breyting á skipulaginu. Að mati skipulags- og mannvirkjanefndar verður ekki hjá því komist að líta á það svo að Ísafjarðarbær sé eina sveitarfélagið sem getur óskað eftir breytingum á reitum UN19 og UN20 í ljósi þess Ísafjarðarbær er eina aðliggjandi sveitarfélag skipulagsreitanna.

Reitur SN23 og siglingaleið um hann

Um langt skeið hefur byggst upp blómleg ferðaþjónusta sem byggir á farþegaflutningum frá Ísafirði inn í Vigur. Á uppdrætti skipulagsins er ljóst að siglingaleiðin milli Ísafjarðar og Vigur lengist umtalsvert frá því sem nú er sem bæði lengir ferðir og eykur kostnað. Skipulags- og mannvirkjanefnd beinir því til svæðisráðs hvort ekki sé skynsamlegt að endurskoða reitinn í

samráði við hagsmunaaðila, bæði þá aðila sem sótt hafa um leyfir til fiskeldis á reitnum og þá sem hafa stundað siglingar milli Ísafjarðar og Vigur í áratugi.

UN13 Pollurinn í Skutulsfirði

Eins og fram kemur í greinargerð með strandsvæðaskipulaginu er svæði á náttúruminjaskrá aðliggjandi og inná UN 13, auk þess að svæðið nýtur hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Leirurnar njóta einnig verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Þar sem þéttbýlið á Ísafirði liggur að reitnum þá er gerð athugasemd við að allur Pollurinn skuli vera skildreindur í UN 13. Getur það t.d. hamlað mögulegum landfyllingum við Pollgötu, við Torfnes sem og sjóvörnum við Skutulsfjarðarbraut og Pollgötu.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til að reitur UN13 verði felldur út úr skipulaginu þar sem verndarmarkmiðum er náð með hverfisvernd aðalskipulagsins, skráningu á náttúruminjaskrá og ákvæðum náttúruverndarlaga. Nefndin telur að Pollurinn eigi frekar heima sem A-reitur undir almennna nýtingu. Nefndin bendir ennfremur á að mestur hluti strandlínunnar umhverfis reitinn eru manngerðar landfyllingar og hafnarmannvirki.

Reitur UN14 – Hestfjörður og Skötufjörður

Skipulags- og mannvirkjanefnd telur flokkun reitsins að hluta til standa á veikum grunni þar sem einungis hluti strandlínunnar nýtur verndar samkvæmt annars vegar hverfisvernd Aðalskipulags Súðavíkurhrepps og hins vegar samkvæmt náttúruminjaskrá. Í tilfelli Skötufjarðar nýtur strandlínan engar sérstakrar verndar fyrir utan hverfisverndarákvæða við Hvítanes. Það sem vakir fyrir skipulags- og mannvirkjanefnd er að benda á að hugmyndir hafa lengið verið um hófsama nýtingu í fjörðunum, eins og t.d. að mynda kræklingarækt. Nefndin bendir einnig á að nú þegar eru í gildi tvö leyfi til kræklingaræktunar í Skötufirði á svæðum sem falla undir reit UN14.

Reitur UN16 – Vatnsnes að Ósi við mynni Ísafjarðar

Líkt og í athugasemd skipulags- og mannvirkjanefndar um reit UN14 telur nefndin að flokkun reitsins standi á veikum grunni, sérstaklega með tilliti til stærðar hans. Nefndin tekur undir friðunarákvæði í Mjóafirði, við Borgarey, Reykjanes og við Vatnsfjarðarnes en sér ekki rök fyrir að girða fyrir hófsama starfsemi í Ísafirði.